

Lausnateymi

Hugmyndafræði

og

Aðferðir

Þýðing: Kristín Pétursdóttir

Breiðágerðisskóli

Lausnateymi er fljótverk, kerfisbundin og áhrifarík leið þar eru:

- Vandamálin sem upp koma skilgreind.
- Leiðir til að takast á við vandann ákveðnar.
- Fylgst með því að þær ákvarðanir sem teknar eru séu framkvæmdar.
- Mikilvægt er að þátttakendur séu öruggir um stuðning vinnufélaga sinna
- Allir geri sér grein fyrir hlutverki sínu

Sjö skref – 30 mínútur

- Stutt kynning á vandamáli kennarans og lýsing á ferlinu
- Hlustað á viðkomandi kennara sem lýsir vandamálinu.
- Hópumræður þar sem kennari svarar spurningum sem kunna að vakna
- Hugflæði (brainstorming) meðal þátttakenda varðandi lausnir
- Kennari velur leiðir sem hann telur að geti virkað
- Leiðir ákveðnar þar sem tekist er á við vandann
- Fundi slitið.

Hugmyndafræði

- Nemendur eiga rétt á góðri menntun.
- Kennara ber að veita hana
- Kennarar eru hæfileikaríkir einstaklingar sem geta lært mikið hver af öðrum.
- Samvinna, sjálfsöryggi og nýbreytni frekar en einangrun og traust á utanaðkomandi fagaðila.
- Samvinna kennara er sterkasta aflið í að hafa áhrif á líðan nemenda og fjölskyldna þeirra.

Þátttakendur

- Kennari sem ber upp vandamálið
- Einhver/einhverjir sem viðkomandi kennari vill hafa með sér til að finna lausn á vandamálinu.
- Lausnateymið.
- Stjórnandi teymisins.
- Ritarinn.
- Aðrir fagaðilar sem geta veitt stuðning s.s. talkennari, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur o.s.frv.

Þátttakendur frh.

- Foreldri/ar gætu verið boðaðir
- Nemandi gæti verið boðaður
- Æskilegur fjöldi þátttakenda eru 5-7 manns
- Kennarinn sem ber upp vandamálið verður að bera traust til allra þátttakenda
- A.m.k. einn helst fleiri ættu að vera umsjónar/sérgreinakennarar.

Stjórnandi fundarins

- Mikilvægt er að sá aðili skapi afslappað andrúmsloft, dæmi ekki og bjóði alla þátttakendur velkomna.
- Geti upplýst og tekið saman í stuttu máli eðli vandamálsins.
- Séð til þess að einungis sé rætt um það umræðuefni sem fyrir fundinum liggur
- Séð um að umræður þróist á kerfisbundinn hátt.
- Sjái til þess að allir þátttakendur skiljið eðli vandamálsins og lausnir.
- Taki saman niðurstöður fundarins og haldi sig innan tímarammans þ.e. 30 mínútur

Ritarinn

- Er tilnefndur af stjórnanda og tekur þátt í umræðunni sem hluti af teyminu
- Ritari tekur saman á fléttitöflu hugmyndir sem fram koma á fundinum.

Mikilvæg atriði

- Traust til vinnufélaga
- Vilji kennara, stjórnanda og annarra þátttakenda að viðurkenna og vera einlægir varðandi eigin kosti og galla
- Jákvætt hugarfar að deila með vinnufélögum vandamálum sem upp koma

Framhald

- Höfum það að leiðarljósi að sá kennari sem kemur fram með vandamálið er færastur um að dæma um bestu leiðir til að takast á við vandann.
- Allir hafa eitthvað fram að færa og ef að okkur tekst að vinna uppbyggilega saman getum við haft jákvæð áhrif á hvert annað og nemendur okkar

Stig 1 – Skilgreina vandann

- Stjórnandi segir í stuttu máli frá vandamálinu.
- Kennari útskýrir vandann og segir frá því hvers konar breytingu hann vilji sjá (á atferli nemandans) og útskýrir hvers konar hjálp hann vilji fá frá teyminu.
- Ef þörf er á því útskýrir hann bakgrunn málsins.
- Ritari tilnefndur.
- Aðrir þátttakendur hlusta án gagnrýnis.
- Tími 3 mínútur.

Stig 2 -

- Kennari útskýrir nánar eðli vandamálsins
- Aðrir meðlimir hlusta einungis - án nokkurra spurninga.
- Ritari tekur saman – og skrifar á fléttitöflu.
- Tími – 3 mínútur.

Stig 3 – Hópumræður

- Stjórnandi þakkar kennara og býður öðrum þátttakendum að spyrja kennarann spurninga sem kunna að vakna.
- Tilgangur þessa stigs er að gera öðrum þátttakendum kleift að mynda sína eigin skoðun á vandamálinu.
- Spurningar þeirra eiga að miða að því að gera þeim betur grein fyrir eðli vandamálsins.
- Hver þátttakandi spyr – óski hann þess- eina spurningu í einu og fær svar frá kennara.
- Tími: 4 mínútur.

Framhald

- Á þessu stigi gæti verið áhugavert að athuga:
- Hvernig vandamálið kemur fram við mismunandi aðstæður.
- Persónulegur bakgrunnur nemandans.
- Er einhver þáttur sem viðheldur vandanum? T.d. skortur á hrósi/umbun, kennsluaðferðir.
- Lykilpersónur í lífi nemandans og væntingar þeirra.
- Aðstæður heima.
- Styrkleikar nemandans og áhugamál.

Stig 4 - Hugflæði

- Tilgangur þessa stigs er að koma fram með stuttar og hagnýtar uppástungur um leiðir til að takast á við vandann.
- Þátttakendur – óski þeir eftir því – koma með tillögur.
- Þátttakendur beina tillögum sínum til stjórnandans ekki til kennarans með vandann.
- Kennarinn með vandamálið er hlutlaus á þessu stigi.
- Aðeins sá með tillögurnar segir sína skoðun , aðrir þátttakendur gefa ekkert “feedback”.
- Ef stjórnandinn telur þörf á því getur hann beðið þátttakendur að útskýra mál sitt betur.
- Ritari tekur saman hugmyndir og ritar á fléttitöfluna.
- Tími: 12 mínútur

Stig 5 – Aðgerðir valdar

- Á þessu stigi velur kennarinn með vandann þær aðgerðir sem hann telur að muni nýtast best
- Ritari hefur skráð allar tillögurnar á fléttitöflu.
- Kennarinn velur 1 fyrir þær tillögur sem hann telur að muni nýtast best strax – ritarinn skráir þær.
- Hann velur 2 fyrir hugmyndir sem gætu nýst en ekki strax.
- Hann velur 3 fyrir hugmyndir sem hann hefur þegar reynt eða að hann telur að þær muni ekki nýtast að svo stöddu.
- Kennarinn þarf ekki að færa rök fyrir vali sínu.
- Tími: 5 mínútur.

Stig 6 - Framkvæmdaáætlun

- Kennari hefur ákveðið hvaða tillögur hafa forgang og næsta stig er að framkvæma þær.
- Framkvæmdaáætlun er gerð.
- Stjórnandi skipuleggur og útfærir skriflega áætlun
- Stjórnandi sér til þess að rætt sé um þau grundvallaratriði sem til staðar þurfa að vera fyrir þessa áætlun á fundinum með hjálp ritarans.
- Stjórnandinn tekur saman markmið fundarins varðandi vandamálið og þær tillögur sem kennarinn hefur samþykkt að reyna.
- Stjórnandinn fer yfir með kennaranum sem þarf til að framfylgja þessar tillögur s.s. Á hvaða tíma eigi að framkvæma það, við hvaða aðstæður, kennsluaðferðir o.s.frv.
- Tími: 2 mínútur.

Framhald

- Þessi tími nægir sennilega ekki til að skipuleggja framkvæmdaráætlunina því gætu viðkomandi kennari og stjórnandi/ aðrir þurft að ákveða annan fund til að útfæra nánar áætlunina.
- Einnig getur verið að kennarinn þurfi að ráðfæra sig við aðra sérfræðinga og stjórnandinn aðstoðar hann við að finna hentugan tíma fyrir það.
- Einnig er mikilvægt að kennarinn segi öðrum þátttakendum frá því hvort þessi áætlun hafi virkað.
- Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir þessum þætti.

Stig 7 – Fundi slitið

- Þátttakendur hafa farið í gegnum stig 1 – 6 þar sem:
- Þeir hafa hlustað og fengið innsýn í erfiðar aðstæður samstarfsfélaga.
- Notfært sér sína eigin reynslu, miðlað hugmyndum sínum með samvinnu, opnum huga, gagnkvæmri virðingu og stuðningi að leiðarljósi.
- Hjálpað samstarfsfélaga til að greina vandamál og veitt stuðning til að takast á við erfiðar aðstæður.
- Tekið þátt í að þróa framkvæmdaáætlun.
- Viðkomandi kennari er ekki lengur einn með vandann.
- Tími: 1 mínúta.

Fyrir fundinn þarf að vera ljóst:

- Hverjir taka þátt í viðkomandi fundi.
- Vandinn sem á að taka fyrir.
- Hvaða breytingar kennarinn vilji sjá hjá nemandanum.
- Styrkleikar og þarfir nemandans.
- Hvað hefur verið gert til að takast á við vandann.

Á fundinum hefur verið ákveðið:

- Forgangsröðun lausna þar sem kemur fram:
 - Hver framkvæmir þær
 - Hvers konar aðgerð
 - Hvenær eigi að framkvæma aðgerðina

Eftirfylgd

- **Framhaldsfundur um framkvæmdina**
 - Hvar á hann að fara fram
 - Hverjir eiga að taka þátt í honum
 - Hvenær á hann að fara fram.

Fundur með teyminu hvernig tókst til

- Hvar á hann að fara fram
- Hverjir taka þátt í honum
- Hvenær á hann að fara fram

Ef þörf er á öðrum aðgerðum er annar fundur ákveðinn

- Hvar á hann að fara fram
- Hverjir taka þátt í honum
- Hvenær á hann að fara fram